

Frumvarp að fjárhagsáætlun Ísafjarðarbæjar 2011

Fyrri umræða 1. Desember 2010

Greinargerð Bæjarstjóra

1. Inngangur.

Fyrir Bæjarstjórn liggur nú fjárhagsáætlun Ísafjarðarbæjar fyrir árið 2011. Áætlunin er niðurstaða vinnu starfsmanna bæjarins, Bæjarráðs, Bæjarstjórnar og nefnda bæjarins

Verkefni þeirra sem komu að gerð þessarar áætlunar var ærið. Eftir mikinn niðurskurð s.l. ára stóðum við frammi fyrir því enn eina ferðina að þurfa að hagræða verulega. Gert er ráð fyrir því að útsvarstekjur lækki að raungildi um 1%. Jöfnunarsjóður dragist saman um fimmtung og að kostnaður aukist í takt við vænta verðbólgu.

Samstarf milli bæjarfulltrúa hefur verið mjög gott í þessari vinnu, bæði við gerð hennar og varðandi helstu forsendur. Allir hafa gert sér grein fyrir þröngri stöðu mála sem leiðir óhjákvæmilega til niðurskurðar. Þó er það mat undirritaðs að nokkurs samhljóms hafi gætt meðal bæjarfulltrúa um hvar beri að bera niður í þeim efnum. Bæjarstjórn ákvað forsendur fjárhagsáætlunar í Október og Bæjarráð hefur fjallað um fjárhagsáætlun á flestum fundum sínum frá í September.

Jafnframt var haldinn hálf dags vinnufundur í Holti í Önunarfirði þann 18. Nóv s.l. Þar mættu bæjarfulltrúar ásamt sviðstjórum, Fjármálastjóra og Bæjarstjóra og fóru í gegn um áætlunina og komu með tillögur um hvernig skila mætti rekstrinum hallalausum. Síðan þá hafa starfsmenn bæjarins unnið áætlunina áfram með það að markmiði að skila hallalausum frumvarpi að fjárhagsáætlun. Niðurstaðan er þó þannig að gert er ráð fyrir að samstæða sveitarfélagsins væri rekin með 100 m.kr. tapi á næsta ári. Þrátt fyrir mikinn niðurskurð og hækkun gjaldskrár.

Margir hafa lagt mikið á sig við gerð þessarar áætlunar. Bæjarfulltrúum vill ég þakka fyrir þá vinnu sem unnin var í Holti sem var að mínu mati mjög gagnleg. Ég þakka einnig þeim starfsmönnum bæjarins sem komu að gerð þessarar áætlunar og þá sérstaklega sviðstjórum og Fjármálastjóra, en mesta vinnan hefur hvílt á herðum þeirra.

2. Meginforsendur áætlunar 2010.

2.1. Hagspár forsendur

- Gert er ráð fyrir að gengi íslensku krónunnar verði óbreytt og að verðbólga verði 2%. Jafnframt er gert ráð fyrir að atvinnuleysi verði óbreytt.
- Fasteignamat lækkar óverulega
- Velferðarútgjöld. Gert er ráð fyrir óbreyttum atvinnuleysisbótum, fjárhagsaðstoð verði óbreytt, húsaleigubætur verði með sama sniði og áður og að sérstakar húsaleigubætur hækki vegna breyttra reglna

- Gert er ráð fyrir að tekjur ríkisins aukist lítillega.

2.2. Tekjuáætlun.

- Álagningarhlutfall útsvars verði áfram 13,28%, með fyrirvara um breytingar vegna flutnings á málaflokki um þjónustu við fatlaða en þá mun útsvarið hækka á móti lækkun á tekjuskatti. Reiknað er með 1% hækkun og stofni útsvars frá endurskoðaðri áætlun 2010 með sambærilegri hækkun útsvarstekna.
- Reiknað er með að tekjur úr Jöfnunarsjóði dragist saman um 95 m.kr. eða um 20%. Stafar það að mestu á því að ekki verður úthlutað s.k. aukaframlagi, né framlagi vegna hækkunar á Tryggingargjaldi.
- Fasteignaskattur A-flokkur, íbúðarhúsnæði fer úr 0,41% í 0,45% annað verður óbreytt. Í B-flokki fyrir opinberar byggingar, 1,32% og í C-flokki fyrir lögaðila, 1,6% af fasteignamati.
- Lóðarleiga á íbúðarhúsnæði verður 1,8% og lóðarleiga á annað húsnæði 3% af fasteignamati.
- Vatnsgjald hækkar úr 0,26% í 0,3% af fasteignamati
- Holræsagjald hækkar úr 0,3% af fasteignamati. í 0,33% af fasteignamati
- Sorphirða og sorphreinsunargjald á íbúðir og lögaðila verði hækkað sem svarar verðbótahækkun um 5%. Gjaldið á íbúð verður 43.659 kr.
- Leikskólagjöld hækki ekki en tekið verður gjald fyrir 5 ára börn sem hafa verið gjaldfrjáls í nokkur ár.
- Nokkrar fleiri minniháttar breytingar eru á gjaldskrá og er vísað til gjaldskrár vegna þeirra. Almennt er gert ráð fyrir að þær munu hækka um 5% en þó er það breytilegt.

3. Framsetning fjárhagsáætlunar.

Fjárhagsáætlun 2010 verður gefin út í samræmi við bókhaldslykil reikningsskila- og upplýsinganefndar sbr. reglugerð nr. 944/2000 með síðari breytingum og auglýsingu nr. 945/2004. Það felst m.a. í að tekjur og gjöld, eignir og skuldir eru flokkaðar í A- og B-hluta í fjárhagsáætluninni.

Í A-hluta er aðalsjóður sveitarfélagsins og stofnanir er sinna starfsemi sem að hluta eða öllu leyti eru fjármögnuð af skatttekjum.

Í B-hluta eru stofnanir sveitarfélagsins sem eru í eigu sveitarfélagsins en eru reknar sem fjárhagslega sjálfstæðar einingar.

Í endanlegri útgáfu fjárhagsáætlunarinnar verður efnahagsreikningur birtur þar sem tekið er tillit til breytinga sem kunna að vera gerðar á frumvarpinu á milli umræðna.

Stefnuræður/greinargerðir bæjarstjóra við fyrri og síðari umræðu verða birtar en þar er gerð grein fyrir ákvörðunum sem liggja að baki ýmsum tölulegum gildum. Ennfremur verða birtar leiðbeiningar og verklagsreglur sem tryggja að ákvarðanir sem teknar eru með samþykkt fjárhagsáætlunar ársins komist í framkvæmd.

4. Rekstrarreikningur

Eins og sjá má í meðfylgjandi Rekstrarreikning er gert ráð fyrir að niðurstaða rekstrar rétt um 103 m.kr. í tap en fyrir árið 2010 var gert ráð fyrir því að samstæðan yrði rekin með um 100 m.kr. tapi sem þó verður minna skv. endurskoðaðri áætlun. Gert er ráð fyrir því að heildartekjur samstæðu verði um 2.589 m.kr. sem er lækkun um 78 m.kr. frá endurskoðari áætlun fyrir 2010

eða 3%. Vegur þar mest áætluð lækkun framlaga úr Jöfnunarsjóði Sveitarfélaga upp á um 95 m.kr.

Rekstrargjöld eru áætluð um 2.285 m.kr. samanborði við 2.445 m.kr. í endurskoðaðri áætlun 2010 eða sem nemur 159 m.kr. lækkun eða sem nemur 6% af gjöldum þessa árs.

Rekstrarniðurstaða er því áætluð um 302 m.kr. samanborð við 222 m.kr. árið áður. Niðurstaða fyrir fjármagn og afskriftir er því um 13% af tekjum. Viðhald eigna bæjarins er áætlað um 117 m.kr. af rekstrargjöldum. Til samanburðar var það um 160 m.kr. fyrir árið 2010 og í fyrstu drögum var það um 250 m.kr. Því má vera ljóst að verulega hallar á viðhald á vegum bæjarins sem að öðru óbreyttu gæti orðið okkur dýrt þegar að fram í sækir.

Afskriftir eru áætlaðar 191 m.kr. og fjármagnsliðir 214 m.kr. eða samtals um 405 m.kr.

Í fjárhagsáætluninni er að finna sundurliðað rekstraryfirlit þar er hægt að greina reksturinn nokkuð nákvæmlega. Við lesningu á honum má sjá að nokkur vinna hefur verið lögð í það að laga millifærslur á milli deilda. M.a. hefur sameiginlegur kostnaður verið greindur betur og honum dreift í auknu mæli á þær deildir sem til hans hafa stofnað. Það sama á við um innri leigu, en deildir leigja eins og áður húsnæði í eigu bæjarins af Eignasjóði. Af þessum sökum er margar deildir sem hækka nokkuð á milli ára.

4.1. Laun.

Laun er stærsti kostnaðarliður sveitarfélagsins. Á næsta ári er gert ráð fyrir að launakostnaður verði um 1.413 m.kr. samanborið við 1.463 m.kr. í endurskoðaðri áætlun fyrir 2010, eða 50 m.kr. samdráttur, sem er 3% lækkun. Ekki hefur verið gert ráð fyrir neinum launahækkunum en samningar við flest stéttarfélög eru lausir á þessu ári. Því er ljóst að kostnaði vegna launahækkana á enn eftir að mæta. Hvert 1% í launahækkunum er því um 15 m.kr. á ársgrundvelli m.v. núverandi launakostnað.

5. Sjóðstreymi.

Eins og sjá má í meðfylgjandi sjóðstreymi er áætlað veltufé frá rekstri 194 m.kr. í samstæðunni samanborið við 243 m.kr. í endurskoðaðri áætlun fyrir 2010. Veltu fé er í grófum dráttum sú fjárhæð sem að sveitarfélagið hefur til ráðstöfunar til afborgana af lánnum og fjárfestinga. Næsta árs afborganir eru áætlaðir um 246 m.kr. eða sem nemur 1/16 af langtímalánum. Veltufé bæjarins er því sem nemur 1/20 af langtímalánum.

6. Efnahagsreikningur

Heildar eignir í samstæðunni eru áætlaðar 5.758 m.kr. að bókfærðu virði í árslok 2011. Gert er ráð fyrir að eigin fé verði á sama tíma um 739 m.kr. Vaxtaberandi skuldir samstæðunnar eru áætlaðar í árslok 2011 3.931 m.kr. eða sem nemur 152% af áætluðum tekjum 2011. Séu skuldir og tekjur Fasteignafélag Ísafjarðar dregnar frá eru skuldir samstæðunnar 107%¹ af tekjum.

7. Fjárfestingar

¹ $((3.931 - 1.254) / (2.588 - 101)) = 107\%$

Fjárfestingum er mjög stillt í hóf. Fyrst og fremst tengjast þær höfninni en það eru að mestu framkvæmdir sem hefur verið frestað um nokkurn tíma og/eða framkvæmdir sem nú þegar eru hafnar. Allar þessar framkvæmdir fá mótframlag frá Ríkissjóði. Einnig er gert ráð fyrir framlagi vegna hjúkrunarheimilis sem vonir standa til að hægt verði að hefja á næsta ári.

8. Fjárhagsárið 2011 – samantekt.

Mikill samdráttur hefur orðið í tekjum bæjarins. Fyrir því eru nokkrar ástæður. Í fyrsta lagi er **efnahagsumhverfið mjög erfitt** um þessar mundir sem leiðir til þess að umsvif í efnahagslífinu eru með minnsta móti. Það leiðir til minni tekna fyrir bæjarsjóð bæði í gegn um Jöfnunarsjóð, úrsvar og gjaldskrártengdar tekjur.

Í öðru lagi er viðvarandi **fólksfækkun** í sveitarfélaginu mikið áhyggjuefni. Það leiðir til þess að færri aðilar þurfa að standa undir föstum kostnaði bæjarins, s.s. viðhaldi gatna og fasteigna í eigu sveitarfélagsins.

Í þriðja lagi hafa **tekjur úr Jöfnunarsjóði** minnkað mikið vegna þess að sveitarfélagið stendur hlutfallslega betur en áður í samanburði við önnur sveitarfélög en einnig hefur Ríkissjóður boðað að taka til baka s.k. aukaframlag og framlag vegna hækkunar á tryggingargjaldi. Þessir tveir stofnar gáfu sveitarfélaginu um 100 m.kr. í tekjur. Nú liggja fyrir drög að nýjum úthlutunarreglum úr Jöfnunarsjóði. Í þeim er m.a. viðurkenndur viðbótarkostnaður fjölkjarna sveitarfélaga eins og okkar. Það myndi því koma sér vel fyrir sveitarfélagið ef þessar reglur færu í gegn sem myndu þýða viðbótartekjur fyrir sveitarfélagið upp á hátt í 90 m.kr. að öðru óbreyttu.

9. Málefni fatlaðra.

Málefni fatlaðra flytjast til sveitarfélaga um næstu áramót. Sveitarfélagið hefur enn ekki fengið gögn til að áætla kostnað okkar vegna þess. Þó er gert ráð fyrir að þetta muni ekki leiða til viðbótar kostnaðar umfram væntar tekjur.

10. Fasteignafélag Ísafjarðar ehf.

Málefni Fasteignafélaga Ísafjarðarbæjar eru nokkuð áhyggjuefni en sveitarfélagið er í ábyrgð fyrir öllum skuldum félagsins. Aðalsjóður þarf árlega að leggja félaginu til umtalsvert fjármagn til að það nái endum saman auk þess að félagið skuldar Aðalsjóði umtalsverðar fjárhæðir. Skuldir félagsins, sem eru að mestu hjá Íbúðalánasjóði, eru um 1.300 m.kr. á móti árlegum tekjum upp á um 100 m.kr. Mikilvægt er að Ríkissjóður styðji við Varasjóð Húsnæðismála þannig að félagið geti sótt þangað fjármagn við sölu eigna þar sem að skuldir eru umfram virði eigna. Í dag á Fastís um 118 eignir.

11. Reglur um framkvæmd fjárhagsáætlunar:

Skýrar reglur eru um framkvæmd fjárhagsáætlunar. Forstöðumönnum deilda og sviðsstjórum er óheimilt að skuldbinda sveitarfélagið til útgjalda umfram fjárhagsáætlun nema fyrir liggja samþykki a.m.k. Bæjarráðs til þeirrar útgjaldaaukningar. Reglur um framkvæmd fjárhagsáætlunar verða í greinargerð með endanlegri útgáfu hennar að venju. Sviðsstjórar eiga að tilkynna breytingar í rekstri á sviðsstjórafundum svo samstundis sé hægt að bregðast við og fara með málið fyrir bæjarráð þyki sýnt að fjárhagsáætlun standist ekki.

Jafnframt er lagt til að óheimilt verði að ráða í stöður þegar að starfsmenn láta af störfum án samþykkis Bæjarstjóra.

Heimild verður eins og áður til almennrar eignasölu, að undangengnu samþykki bæjarstjórnar hverju sinni.

12. Til framtíðar.

Bæjarsjóður var rekinn með umtalsverðu tapi árið 2009 og einnig verður tap á rekstri ársins 2010. Meðfylgjandi áætlun gerir einnig ráð fyrir því að reksturinn verði með neikvæðri afkomu. Afborganir langtímalána eru þó hærri en nýjar lántökur þannig að lán sveitarsjóðs munu lækka. Neikvæð afkoma getur ekki staðist til lengdar en getur talist viðunandi m.v. núverandi efnahagsumhverfi en við það verður það ekki unað til lengdar og því þarf að ná fram enn betri rekstarniðurstöðu þegar fram í sækir.

Takist að stöðva fólksfækkun og ef reglum um Jöfnunarsjóð verði breytt s.b.r. hér að ofan á það vel að vera hægt. Markmiðið er alltaf að skila rekstrinum réttu megin við núllið og greiða niður skuldir, standa undir eðlilegu viðhaldi og veita íbúum þjónustu á sem hagkvæmasta hátt.

Ísafjarðarbæ, 28. Nóvember 2010
Daníel Jakobsson, Bæjarstjóri